

39.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins 29.maí 2013 og hófst kl. 20.00. Mætt: Sigurjón, Guðjón, Kári, Óskar Ingi, Aron og Gry. Auðunn boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Sigurjón setti fundinn og fagnaði góðum árangri landsliðsins á HM í bekkpressu í Kaunas.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2. **Dómaranámskeið.**

Ákveðið hefur verið að halda dómarapróf 7.september nk í samvinnu við Stjórnuna sem ætla að setja upp æfingarmót. Prófið verður auglýst strax. Ef takmarka þarf aðgang hafa þau félög forgang sem ekki þegar hafa dómara innan sinna raða.

Framkvæmd: Gry er með málið í samvinnu við Stjórnuna og **dómaranefnd.**

Auglýst hefur verið dómaranámskeið á vegum KFA án samráðs við KRAFT. Slíkt námskeið veitir ekki dómararéttinda innan KRAFT og getur hér verið um misskilning að ræða sem þarf að leiðrétta.

Framkvæmd: Máli vísað til **dómaranefndar.** Guðjón fylgir því eftir.

3. **Mótamál.**

Fara þarf yfir mótaskrá næstu ára eftir ábendingum formannafundar í maí. Semja þarf form um samkomulag mótanefndar og mótshaldara vegna framkvæmd móta. Ganga þarf frá gátlista mótshaldara.

Framkvæmd: Gry kemur þessu af stað í samráði við formann **mótanefndar.**

4. **Nefndarmál.**

Ákveðið var að Sigfús Fossdal taki sæti í útbreiðslunefnd.

Framkvæmd: Guðjón hefur samband við Sigfús.

5. **Eleiko – græjumál.**

6 fullkomin keppnissett auk fjölda aukahluta eru á leið til landsins í sumar, verið er að ganga frá síðustu greiðslum vegna þessa. Sigurjón hefur f.h. stjórnar haft milligöngu um málið og félögin fá græjurnar á kostnaðarverði á kjörum sem KRAFT getur útvegað. Félögin hafa samþykkt það skilyrði að KRAFT fái ókeypis afnot af keppnisgræjum ef á þarf að halda við mótahald.

Framkvæmd: Sigurjón og Kári fylgja þessu eftir.

6. **Þing EPF**

Sigurjón sat þing EPF fyrir hönd Íslands og sagði frá helstu málum.

Þinggerð aðgengileg á heimasíðu EPF.

7. **Formannafundur í maí**

Fundargerð formannafundarins samþykkt.

Framkvæmd: Gry fylgir eftir tillögum um mótaskrá. Guðjón skoðar stöðuna v. landsmóts UMFÍ.

8. **Fréttir frá útbreiðslunefnd.**

9. **Stangarmannanámskeið**

Fræðslunefnd falið að bjóða upp á námskeið fyrir stangarmenn í haust.

10. **Norðurlandamót 2014.**

Ákveðið að mótið verður haldið á Suðurnesjum í umsjón Massa.

Sigurjóni og Gry falið að vinna að því innan NPF að mótið verði lyfjaprófað samkvæmt reglum

IPF, að lyfjagjald verði innheimt fyrirfram og að nægilegur fjöldi dómara verði tryggður með einhverjum hætti.

11. **Þjálfaranámskeið.**

Lokaskírteini vegna þjálfara 1 námskeið vetrarins eru tilbúin til afhendingar. Stefnt er að öðru námskeiði í haust.

Framkvæmd: Sigurjón prentar skírteinin. **Fræðslunefnd** er með málið.

12. **Önnur mál.**

Kári fékk umboð til að ganga frá greiðslu til Sporrang með yfirdrætti ef með þarf.

Sigurjón og **Kári** kanna mál sem upp kom vegna greiðslu hótels í Kaunas.

Samþykkt að framvegis verði hótélreikningar á ábyrgð KRAFT greiddir með bankayfirfærslu.

Ekki fleira gert

Fundi slitið kl. 22.00

Fundarritari: Gry Ek